

Skóla- og frístundaráð

**Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um hraðari innleiðingu tilraunaverkefnis um bætta kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur**

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Alex Dóru Bjargar Brynjudóttur, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að vinna að því að hraða innleiðingu á tilraunaverkefni starfshóps um bætta kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur og að innleiðing verði hafin í öllum grunnskólum eigi síðar en haustið 2024.

**Greinargerð:**

Arið 2018 samþykkti Reykjavíkurborg að setja af stað tilraunaverkefni um kynfræðslu í tveimur grunnskólum borgarinnar, Foldaskóla og Seljaskóla. Síðan þá hafa fáir skólar bæst við og verkefnið hefur farið alltof hægt af stað. Verkefnið þarf að gerast hraðar, í öllum skólum og þarf að hefja innleiðingu á kynfræðslu á yngsta stigi eins og lagt var fram í tilraunaverkefninu.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

**Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal

e.u.